

sín inntökuskilyrði. Skólarnir eru búnir að gefa út inntökuskilyrði og eru þau öll með svipuðu sniði þó ekki séu þau eins alls staðar. Framhaldsskólar taka mið af skólaeinkunn og skólasókn við inntöku nýnema.

Mikilvægt er að nemendur og forráðamenn þeirra hugi vel að framtíðaráformum þegar ákvörðun um hvaða nám eigi að velja eftir grunnskóla. Margt er í boði og því mikilvægt að valið sé við hæfi hvers og eins nemanda. Nemendur skulu athuga hvaða nám hæfir best áhuga þeirra, framtíðaráformum og stöðu þeirra í námi. Framhaldsskólarnir bjóða margir upp á mikið valfrlsi í námi og er ætlast til að nemendur taki mikla ábyrgð á sínu námi.

Inntökuskilyrði í framhaldsskóla

Eftirfarandi inntökuskilyrði gilda fyrir nemendur fædda 1993 sem hefja nám við skólann haustið 2011. Þetta á aðeins við þá nemendur sem hafa tekið próf úr öllu námsefni 10. bekkjar grunnskóla í viðkomandi greinum.

Þeir nemendur sem ekki uppfylla skilyrði til að hefja nám á einstökum brautum velja almennar brautir. Þeir nemendur sem hafa fengið undir 5 í bæði íslensku og stærðfræði fara á almenna braut - fornám.

Taflan sýnir þau skilyrði sem nemandi þarf að uppfylla til að komast inn á ákveðnar brautir í framhaldsskóla. Lágmarkseinkunnir eru mismunandi eftir brautum.

Fjölbrautarskóli Suðurnesja

	Íslenska	Stærðfræði	Enska
Félagsfræðibraut	6	5	6
Málabraut	6	5	6
Náttúrfr. braut	6	6	5
Viðsk. og hagfr.br	6	6	5
Verk- og starfsnám	5	5	

Röðun í áfanga

Röðun í áfanga	Grunnskólaeinkunn
Hraðferð 103	Einkunn 8 til 10
Hægferð 102	Einkunn milli 5 og 8
Upprifjun 193	Einkunn undir 5

Heiðarskóli



VALGREINAR



10. BEKKUR
2011—2012

Valáfangar í 10. bekk skólaárið 2011- 2012

Senn fer þessu skólaári að ljúka og nemendur í 9. bekk þurfa að fara að huga að námi sínu næsta vetur. Í þessu hefti eru lýsingar á þeim valáföngum sem verða í boði næsta skólaár. Einnig er sagt frá inntökuskilyrðum á brautir í FS og röðun í áfanga.

Miðað er við að nemandi í 10. bekk hafi að lágmarki 37 kennslustundir á stundatöflu. Allir nemendur stunda nám í kjarnagreinum en gefst síðan kostur á að velja sér námsgreinar þar fyrir utan.

Tilgangur með valfrelsi er að gera nemendum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform. Þeir þurfa að horfa til framtíðar, gera upp við sig hvert þeir vilja stefna og meta af raunsæi hvað þeir þurfa að gera til að ná takmarki sínu.

Fjölmargar valgreinar eru í boði í Heiðarskóla. Flestar kjarnagreinar eru bóklegar og gott er fyrir nemendur að skoða val sitt í því ljósi. Það getur verið hentugt fyrir marga nemendur að velja list- og verkgreinar til þess að námið verði fjölbreyttara. Mikilvægt er að nemendur fari vel yfir lýsingar á valgreinum með foreldrum/forráðamönnum sínum og íhugi vandlega hvað sé æskilegt að velja. Einnig getur verið gott fyrir nemendur að ræða við umsjónarkennara og kennara einstakra greina og fá hjá þeim leiðsögn. Nemendur skulu varast að velja valgrein einungis af því að besti vinur velur hana.

Bent skal á að allar valgreinar hafa sama vægi og í lýsingunum á þeim kemur fram hvernig námsmati verður háttað.

Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Þær eru jafn mikilvægar og kjarnagreinar og sömu kröfur eru gerðar um ástundun og námsframmistöðu.

Það skal tekið fram að aðstæður geta orðið á þann veg að erfitt getur reynst að verða við aðal óskum nemenda um valgrein og er þá vara valkostur tekinn. Einnig áskilur skólinn sér rétt til að fella niður námstilboð ef umsækjendur eru of fáir.

Skipulag á stundatöflu næsta vetrar tekur mið af valgreinunum og því verða breytingar á vali ekki mögulegar eftir að skóli hefst á komandi hausti.

Það er von okkar að allir nemendur finni áhugaverða valkosti. Nemendur eru beðnir að skila undirrituðum valblöðum til umsjónarkennara 10. maí 2011

Með góðum kveðjum.
Skólastjórnendur.

fyrir nemendur að missa úr tíma í FS, þar sem þeir eru bara einu sinni í viku, sérstaklega í verklegum greinum þar sem þeir hafa ekki möguleika á því að vinna verkefni heima.

- Mætingareglurnar má skoða í heild sinni á heimasíðu skólans www.fss.is undir Skólinn og Skólareglur.

Stærðfræði 103

Jöfnur, rúmfræði og hlutföll. Lagður er grundvöllur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu, röksemdarfærslum og lausnum verkefna og þrauta. Megin viðfangsefni eru á sviði rúmfræði en jafnframt er talnameðferð rifjuð upp og jöfnur. Fjallað er um nokkur hugtök evklíðskrar rúmfræði og hlutverk hennar í vestrænni menningu, hnitakerfið og jöfnu beinnar línu. Áhersla er lögð á að varpa ljósi á hlutfallshugtakið frá mörgum hliðum. Auk styttri verkefna vinni nemendur heimaðæmi og taki stöðupróf. ***Þeir nemendur sem velja stærðfræði 103 velja um leið eina kennslustund á viku í dæmatíma í Heiðarskóla.***

Enska 103

Málfræði og orðaforði. Í beinu framhaldi af námi í grunnskóla eru undirstöðuatriði enskrar málfræði, sérstaklega þau atriði sem reynast íslenskum nemendum erfið, rifjuð upp í efnislegu samhengi við aðra þætti námsins. Áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Hraðlesið efni valið við hæfi nemenda. Markvissar hlustunaræfingar. Enskt talmál æft m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Skriflegi þátturinn þjálfaður með fjölbreyttum æfingum í tengslum við þá efnisflokka sem unnið er með. Nemendum leiðbeint í notkun orðabóka.

Kynning á rafmagni – 103

Í áfanganum fá nemendur að kynna störfum rafvirkja og rafeindavirkja auk þess sem handverkfæri eru kynnt og nemendum kennt að nota þau rétt. Farið er m.a. í rafmagnsfræði, rofabúnað og rafeindarásir þar sem nemendur fá að smíða einfaldar rafeindarásir, eins og t.d. blikkara. Áfanginn er metinn til þriggja eininga í grunndeild rafiðna.

Frá grunnskóla til framhaldsskóla

Árið 2009 breyttust inntökuskilyrði í framhaldsskóla. Samræmd próf verða ekki lengur til grundvallar við að komast inn á námsbrautir heldur verður lokaekinn grunnskóla notuð. Samræmd próf verða hér eftir könnunarpróf líkt og samræmd próf í 4. og 7. bekk og tekin að hausti. Þau munu sýna nemendum og forráðamönnum þeirra hver stað nemenda er og því verður hægt að ráð bót á því sem vantar fram til vors ef þarf. Sú einkunn sem framhaldsskólar fá er lokaekinn grunnskóla og velja skólarnir inn á námsbrautir eftir þeim.

Inntökuskilyrði framhaldsskóla hafa einnig breyst og hefur hver skóli frjálst val við að setja

Jaðaríþróttir Fjörheimar

Umsjón: Davíð Óskarsson frístundaleiðbeinandi Fjörheima.

Markmið

Að nemendur þekki meginatriði jaðaríþróttanna sem stundaðar eru jafnan í félagsmiðstöðvum og átti sig á inntaki hvernar íþróttar fyrir sig. Ásamt því að auka hreyfingu og tjáskiptatækni nemenda.

Kennslutilhögun

Viðfangsefni námskeiðsins er að læra reglur, tilgang og uppruna íþróttarinnar, bæði með því að sækja sér fróðleik á internetið og einnig með því að spila viðkomandi íþrótt.

Um er að ræða 2x 40 mínútur í viku hverri. Meðal íþróttanna sem kynntar verða eru; borðtennis, skák, pílukast, þythokki, bandí, ballskák, félagsvist og margt fleira. 100% mætingarskylda er í tímana. Námskeiðið mun fara fram frá byrjun september og fram í miðjan desember.

Námsmat

Þátttaka í tímum og virkni.

Framhaldsskólaáfangar – allt árið

2 stundir

Í samvinnu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Inntökuskilyrði í valgreinar í FS:

Stærðfræði: Nauðsynlegt en ekki nægilegt skilyrði er að vera með yfir 8,5 – 9 í stærðfræði í 9. bekk.

Enska: Nauðsynlegt en ekki nægilegt skilyrði er að vera með yfir 8,5 – 9 í ensku í 9. bekk.

Kynning á rafmagni: Nemendur þurfa að vera sterkir í bóklegum og verklegum greinum.

Mætingareglur Fjölbrautaskóla Suðurnesja

- Þeir 10. bekkingar sem eru í valfögum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja þurfa að fara eftir þeim mætingareglum sem gilda í FS.
- Gert er ráð fyrir að nemendur mæti í allar kennslustundir. Tímarnir hefjast kl. 14:50 og þeim lýkur kl. 16:15.
- Ef nemendur eru veikir eða þurfa leyfi þarf grunnskólinn að tilkynna það með tölvupósti eða á skrifstofu FS í síma 421-3100.
- Grunnskólarnir eru látnir vita ef það falla niður tímar í FS.
- Það er ekki frí í valfögunum þó að kennsla falli niður í grunnskólunum, til dæmis vegna starfsdaga eða annars.
- Ef nemendur sjá fram á það að vera frá skóla í einhvern tíma, til dæmis vegna utanlandsferða, er hentugra fyrir þá að taka valfög í grunnskólanum. Það er mjög erfitt

Valgreinar – hálf árið

2 stundir

Bakstur

Markmið

- að nemendur þjálfist í mismunandi bakstursaðferðum
- að nemendur geti unnið sjálfstætt eftir mismunandi uppskriftum
- að nemendur þjálfist verklega færni

Kennslutilhögun

Nemendur baka gerdeig, hrært deig, þeytt deig, sætt og ósætt eftir mismunandi uppskriftum.

Námsmat

70% frammistaða í tímum, samvinna, vinnusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum, frágangur, 30% verklegt próf í lok annar.

Fatasaumur

Markmið

- að nemendur rifji upp kunnáttu frá fyrra textílnámi
- að nemendur þjálfist í vélsaumi
- að nemendur læri að taka upp snið, sníða úr efni og gera einfaldar sniðbreytingar eftir eigin hugmyndum
- að nemendur þjálfist í að fara eftir skriflegum leiðbeiningum
- að nemendur saumi flíkur og skreyti eftir eigin hugmyndum

Kennslutilhögun

Nemendur rifja upp umgengni við áhöld og vélar. Nemendur sauma eina einfalda flík í samráði við kennara og velja síðan flík sem þeir sauma eftir úr sníðablöðum / bókum. Nemendur kynnst því hvernig má breyta flíkum svo þær öðlist nýtt líf, t.d. breyta gallabuxum í gallapils.

Námsmat

60% fullunnar flíkur

40% áhugi, sjálfstæð vinnubrögð, umgengni, hegðun og vinnusemi í kennslustundum.

Gler

Markmið

Að nemendur:

- þekki og kunnir að nota þau verkfæri sem til þarf við vinnslu á gleri
- nýti sér tölvutækni við hugmyndaleit
- læri að búa til nytjahlut
- geti metið á sjálfstæðan hátt hvaða kröfur eru gerðar til vandvirkni og frágangs

- geti unnið sjálfstætt og haldið sér við verkefni
- hafi fengið innsýn í og öðlast þekkingu á vinnsluaðferðum við glervinnslu

Kennslutilhögun

Mósaik. Nemendur kynast og fá tilsögn um mósaik og gerð hennar. Nemendur mega nýta sér hugmyndir af veraldarvefnum og úr bókum við gerð verkefna. Nemendur fá kennslu í hvernig nota á verkfæri sem til þarf. Kennarinn verður með ákveðin verkefni en nemendur ráða útliti hlutarins.

Gler/bræðsla. Nemendur kynast glervinnu og fá bækling um gler ásamt ýmsu öðru. Nemendur eru æfðir í að skera gler og læra að þekkja muninn á gleri. Nemendur hanna sína eigin útfærslu á ýmsum glerverkefnum og nota ýmis form og liti.

Tiffanýs. Nemendur kynast Tiffanys glervinnu og hanna sinn eigin hlut í samráði við kennarann.

Námsmat

Ástundun, virkni í tímum, hegðun, verklagn og framfarir (30%)

Hvert verkefni er metið til einkunnar: bræðsla/gler (35%), mósaik (20%), tiffanys (15%)

Bókverk - myndverk sem tengjast á einhvern hátt bókinni sem formi

Gerðar verða tilraunir með bókarformið og unnið með blandaða tækni. Þetta geta t.d. verið skúlptúrar sem líkjast bókinni í þrívídd en með sama grunn og bókin eða blaðsíða, kápa og band eða eitthvað sem er opnað. Bókverkið er pappírverk sem forma má með brotum og skurði. Flestar aðferðir myndlistar nýtast í bókverkagerð eins og málun, teikning, klippitækni, ljósmyndun, tölvuvinna, útprentun og jafnvel gamlar bækur eða töskur.



Námsmat

Virkni, frumkvæði og áhugi nemandans. Verkmappa, sem geymir gögn um vinnuferlið, svo sem skissur, upprætti og tillögur.

Athugasemdir og tilraunir eru metnar til jafns við fullunnin verk.

Vinnubrögð nemandans eru metin og hvað liggur að baki hinu fullunna verki. Verkmappa 40%, vinnubrögð 20%, frumkvæði 20% og áhugi 20%.

Teiknimyndagerð, myndasaga

Myndasagan hefur verið skilgreind sem raðmyndaform, myndir og orð tengjast saman í eina heild, yfirleitt til að segja einhverskonar sögu í röð af myndum.

Myndasagan eins og hún er í dag varð til í lok



Valgreinar utan Heiðarskóla – hálf t árið

2 stundir

Björgunarsveit í samstarfi við Björgunarsveitina Suðurnes

Nemendur sem starfa í unglingsdeild björgunarsveitarinnar geta fengið þjálfun sína þar metna sem hluta af vali í skólanum.

Valið er hugsað fyrir nemendur í 10. bekk og þá nemendur í 9. bekk sem hafa verið í unglingsdeild björgunarsveita í a.m.k. 1/2 ár.

Kennari í skólanum er í góðum tengslum við umsjónarmann verkefnisins hjá björgunarsveitinni. Kennarinn fylgist með mætingum, ástundun og framförum nemenda.

Markmið

- að nemendur kynnist starfi björgunarsveita
- að efla skilning nemenda á mikilvægi björgunarmála
- að efla félagsþroska nemenda

Námsmat byggir á vinnu og virkni nemenda.

Nemendur mæta á mánudögum kl. 19.30 – 21.00.

Adrenalín gegn fordómum Keflavíkurkirkja

Umsjón með Adrenalín verkefnum hafa þær sr. Erla Guðmundsdóttir og Hjördís Kristinsdóttir grunnskólakennari.

Miðvikudaga kl. 15-17.30

Kennslutilhögun

Adrenalín hugmyndin byggir á því að hópur kemur saman með það að markmiði að eiga saman borðsamfélag, fá fræðslu gegn fordómum og finna adrenalínið sem felst í því að takast á við íslenska náttúru. Hópurinn vinnur náið saman og einstaklingarnir læra smátt og smátt að bera traust hver til annars. Unnið er að fordómalausum samskiptum, sjálfsefningu og trausti á náungann.

Í upphafi annar verða útifundir þar sem tekist er á við náttúruna. Hver og einn leggur af stað með sinn bakpoka sem ekki inniheldur eingöngu nesti heldur einnig þá reynslu sem hver og einn hefur að leggja í verkefnið. Þátttakendur leggja af stað með það að markmiði að allur hópurinn nái því takmarki sem sett er t.d. að allir nái að ganga á topp fjalls, standi af sér rok og rigningu o.s.frv.

Fræðslustundirnar fara fram í Kirkjulundi, safnaðarheimili Keflavíkurkirkju. Þar er borðsamfélag þar sem þátttakendur sjálfir sjá um matargerð fá fræðslu, leysa verkefni og taka þátt í umræðum. Fræðslustundirnar miða að því að efla og styrkja einstaklingana, hópefli og að þátttakendur vinni gegn fordómum af ýmsum toga.

Adrenalín hefst miðvikudaginn 7. september og síðasta skiptið er 30. nóvember. Farið verður í Adrenalínferð í október yfir helgi.

Valgreinar utan Heiðarskóla — allt árið

2 stundir

Peir valáfangar sem koma hér á eftir eru í samstarfi við aðila utan skólans og kennsla fer fram annarsstaðar en í Heiðarskóla.

Tónlistarnám í samvinnu við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar

Nemendur sem stunda nám í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar geta fengið nám sitt metið sem valgrein

Íþróttir/þjálfun í samstarfi við íþróttafélög

Þátttakendur

Þetta valfag er fyrir nemendur sem stundað hafa sömu íþróttina undanfarin tvö ár eða lengur. Aðeins kemur til greina að viðurkenna þjálfun nemenda sem stunduð er hjá deildum íþróttafélaga sem hlotið hafa viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag/fyrirmyndardeild. Nemendur greiða sjálfir æfingagjöld og annan kostnað til íþróttafélagsins.

Kennslutilhögun

Nemendur stunda þjálfun sinnar íþróttagreinar hjá sínu íþróttafélagi undir stjórn þjálfara. Heiðarskóli metur þjálfunina til jafns við tveggja kennslustunda vikulega valgrein innan skólans. Heiðarskóli tilnefnir kennara sem hefur umsjón með að nemendur stundi þjálfun sína af vinnusemi.

Nemendur mæta til fundar við kennara í Heiðarskóla í upphafi skólaárs, í nóvember, janúar og apríl. Fundirnir verða kl. 15:30 á virkum degi eða kl 14:00 á föstudegi og tekur hver fundur u.þ.b. 1 klst.

Námskröfur

Nemendur mæta til allra æfinga sem þjálfari gerir kröfur um. Félag/deild viðkomandi íþróttagreinar leggur fram kennslu og æfingaskrá þar sem fram koma markmið þjálfunar, sbr. Handbók fyrirmyndarfélags ÍSÍ.

Námsmat

Í lok skólaárs fá nemendur umsögn á vitnisburðarblaði.

nítjándu aldar þegar dagblöðin fóru að birta þær. Myndasaga getur verið röð af myndum og líka stök mynd.

Nemendur vinna verkefni sem fela í sér hugmyndavinnu, skissugerð og útfærslu. Unnið er á pappír með blandaðri tækni.

Námsmat

Virkni, frumkvæði og áhugi nemandans. Verkmappa, sem geymir gögn um vinnuferlið, svo sem skissur, uppdrætti og tillögur.

Athugasemdir og tilraunir eru metnar til jafns við fullunnin verk.

Vinnubrögð nemandans eru metin og hvað liggur að baki hinu fullunna verki. Verkmappa 40%, vinnubrögð 20%, frumkvæði 20% og áhugi 20%.

Prívídd

Nemendur vinna verkefni sem fela í sér hugmyndavinnu, skissugerð og útfærslu.

Unnið er í prívídd á margvíslegan hátt, t.d. pappamassa og lögð er áhersla á öguð vinnubrögð. Verkefnaval fer eftir hópunum og því hvernig önnin vinnst.

Námsmat

Virkni, frumkvæði og áhugi nemandans. Verkmappa, sem geymir gögn um vinnuferlið, svo sem skissur, uppdrætti og tillögur. Athugasemdir og tilraunir eru metnar til jafns við fullunnin verk. Vinnubrögð nemandans eru metin og hvað liggur að baki hinu fullunna verki. Verkmappa 20%, lokaverkefni 20%, vinnubrögð 20%, frumkvæði 20% og áhugi 20%.

Vatnslitamálan

Undirstöðuatriði vatnslitamálanar. Litablöndun og áferð með léttum æfingum. Verkefni eru unnin út frá fyrirmyndum, uppstillingum og frjálsri myndgerð.

Námsmat

Virkni, frumkvæði og áhugi nemandans. Verkmappa, sem geymir gögn um vinnuferlið, svo sem skissur, uppdrætti og tillögur.

Athugasemdir og tilraunir eru metnar til jafns við fullunnin verk.

Vinnubrögð nemandans eru metin og hvað liggur að baki hinu fullunna verki. Verkmappa 40%, vinnubrögð 20%, frumkvæði 20% og áhugi 20%.

Götulist/veggjakrot

Götumyndlist virðist vera að spretta upp sem eitt form myndlistar í dag. Unnið verður á allt annað en vegg og verður tölvuverið mikið notað. Nemendur reyna að átta sig á af hverju nútímamaðurinn hefur þörf fyrir að tjá sig með þessum hætti.

Námsmat

Virkni, frumkvæði og áhugi nemandans. Verkmappa, sem geymir gögn um vinnuferlið, svo sem skissur og ýmis gögn á tölvutæku formi. Skriflegar athugasemdir og tilraunir eru metnar

til jafns við fullunnin verk. Vinnubrögð nemandans eru metin og hvað liggur að baki hinu fullunna verki. Verkmappa 40%, vinnubrögð 20%, frumkvæði 20% og áhugi 20%.

Dans

Kenndir verða samkvæmisdansar og einnig verða aðrir dansstílar skoðaðir. Lögð verður áhersla á að allir geti dansað hvort heldur með dansfélagi eða einir. Nemendur læra hvernig tónlistin getur skapað dansinn og hvernig hægt er að nota nútíma tónlist í nánast allan dans. Nemendur verða hvattir til að semja sinn eigin dans út frá þeim grunni sem þeir læra á námskeiðinu.

Samin verða dansatriði sem hægt er að nota í sýningu.

Námsmat

Virkni 60%, framfarir 20% tillitsemi og jákvæðni 10% og skapandi ferli 10%

Smíði *(kennd í FS)*

Markmið

Að nemandi fái innsýn í og öðlist þekkingu á efnum og vinnsluaðferðum við smíði nytjahlutar.

Kennslufyrirkomulag

Smíðakennslan fer fram í Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Kennslan byggist á einstaklingsmiðuðu námi þar sem hver einstaklingur hennar og býr til einhvern hlut t.d. hillu, skáp, borð eða annan nytjahlut úr timbri. Farið er í örlitla efnisfræði samhliða smíði og hönnun hlutarins og efnisvali.

1. vika. Áfanginn kynntur og unnið að frumhugmyndum nemanda. Nemendur teikna upp hugmynd og málsetja hana gróflega og taka með heim til að skoða við þær aðstæður sem þeir hugsa hlutinn í.
2. vika. Hugmyndin skoðuð með nemandanum og útfærð nánar. Farið í efnisval og útvegum á því.
3. vika. Smíði hefst.
4. - 15. vika. Smíði lýkur með fullunnu stykki með yfirborðsmeðhöndlun og öllu tilheyrandi.

Námsmat

Námsmat byggir á ástundun, virkni í tímum, verklægni og framförum á því sviði. Frágangi smíðahlutar og allri vinnu við hann. Vinnsla hugmynda til veruleika.

Hvernig nemandi tekur og vinnur úr þeirri tilsögn sem hann hlýtur í tímum.

Ástundun 15%, virkni í tímum 15%, verklægni 20%, frágangur hlutar og smíði 38% og vinnsla hugmynda 12%

Valgreinar – allt árið

Nemendaráð 2 stundir

Nemendaráð vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðamálum nemenda. Það skipuleggur félagsstarf í skólanum ásamt umsjónarmönnum félagsstarfa. Ráðið vinnur á öllum skammtunum og það kemur fram sem fulltrúi nemenda. Nemendaráð skipuleggur og hefur umsjón með íþróttastarfi og íþróttakeppnum innan skólans og við aðra skóla. Það fær skólanámskrá til kynningar og einnig ef fyrirhugaðar eru meiriháttar breytingar á skólalaldinu.

Nemendafélag skólans setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Námsmat

Mat byggir á virkni, áhuga og ástundun. Í lok vorannar skila nemendur ritgerð þar sem þeir meta starf vetrarins.

Stærðfræðiaðstoð 1 stund

Markmið

- að styðja nemendur við námsefni 10. bekkjar
- að styrkja grunn nemenda í stærðfræði og undirbúa þá undir áframhaldandi nám bæði í 10. bekk og í framhaldsskóla

Námsefni

Átta-tíu bækurnar, Vinkill og ljósrit frá kennara.

Kennslutilhögun

Valið er ætlað nemendum sem vilja fá meiri stuðning við námsefni 10. bekkjar. Markmiðið er að styrkja grunn nemenda undir áframhaldandi nám í stærðfræði bæði í 10. bekk og í framhaldsskóla. Þetta val er upplagt fyrir þá sem vilja taka sig á í námi og þurfa meiri aðstoð og útskýringar frá kennara.

Enska 2

Markmið

Að auka öryggi og færni þeirra nemenda sem eru búnir að ná þokkalegum tókum á tungumálinu. Mest áhersla lögð á að auka orðaforða og ritleikni.

Kennslutilhögun

Nemendur lesa tvær skáldsögur á ensku og vinna úr þeim verkefni. Í fyrri sögunni vinna nemendur í hópum þar sem nemendur fara yfir og punkta hjá sér aðalatriði bókarinnar um leið og hún er lesin. Seinni bókin verður unnin meira sjálfstætt. Nemendur vinna stafsetningarverkefni sem og ritunarverkefni og skila tveimur slíkum til kennara. Að auki verður unnið eitt hópverkefni.

Námsmat

Skáldsaga I hópverkefni	25%
Skáldsaga II próf	25%
Ritunarverkefni 1	10%
Ritunarverkefni 2	10%
Vinna	30%

(Vinna nemenda í tímum, áhugi og almenn ástundun)

Bókfærsla

Markmið

- að nemendur geri sér grein fyrir hugtökunum gjöld, tekjur, eignir og skuldir
- að nemendur kynnist almennum færslum í dagbók
- að nemendur öðlist einhvern skilning á uppgjöri
- að nemendur geti sett fram einfaldan efnahags- og rekstrarreikning

Kennslutilhögun

Fjallað er um grundvallaratriði bókhalds, dagbókarfærslur og reikningsuppgjör. Nemendum er gerð grein fyrir hlutverki bókara og tilgangi bókhalds og sagt frá helstu bókhaldslögum. Þeim er kennt að merkja fylgiskjöl og færa dagbók eftir þeim. Stefnt er að því að heimsækja bókhaldsfyrirtæki. Mikil áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð nemenda, nákvæmni og frágang.

Kennslugögn

Færslubók og ljósrít frá kennara.

Námsmat

Heimaverkefni og próf 40%, vinna og ástundun 30%, tímaverkefni 30%.

Leik- og sönglist

Markmið

- að nemendur fái þjálfun í almennri framkomu á sviði, radd- og líkamsbeitingu
- að nemendur efli/öðlist sjálfstraust og sköpunargleði
- að nemendur geti komið fram fyrir áhorfendur, sungið og/eða haldið stuttar ræður/fyrirlestra

Kennslutilhögun

Kennslan byggist á léttum leiklistaræfingum, hópefliæfingum og spuna. Þá verður einnig farið í undirstöðuatriði í söng og túlkun, raddbeitingu, framkomu á sviði og notkun hljóðnema. Í lok annar verður flutt stutt leikverk á sal fyrir aðra nemendur skólans.

Námsmat

Virgni og áhugi 50%, frumleiki og túlkun 20% jákvæðni 20%, framfarir 10%

Taka 2/stuttmyndagerð

Markmið

Að nemandi:

- fái innsýn í heim kvikmynda
- geti notfært sér þau tæki og forrit sem nauðsynleg eru við stuttmyndagerð
- kynnist hugmynda- og skipulagsvinnu sem fylgir kvikmyndagerð

Kennslutilhögun

Leiðsögn við gerð stuttmynda. Farið verður í handritagerð, myndatökur og klippingar. Nemendur vinna verkefni tengd myndatöku og gerð handrita. Nemendur vinna saman í hóp, þróa hugmynd og útfæra hana sem kvikmynd. Farið verður í heimsókn í sýningarherbergi í kvikmyndahúsi.

Námsmat

Mat byggist á áhuga, virkni, vinnusemi og þátttöku í umræðum og verkefnagerð. Lagt er mat á hversu vel nemendur tileinka sér eftirfarandi þætti stuttmyndagerðar: handrit, myndataka, hljóðvinnsla, klipping og lokafrágangur.

Hraðlestur

Markmið

Að nemendur:

- fái meiri áhuga á lestri
- auki lestrarhraða sinn
- auki lestrarskilning sinn
- geti lesið með mismunandi hraða eftir efni
- haldi áfram að æfa lestur eftir að vali lýkur

Kennslutilhögun

Nemendur æfa hraðlestur með ýmsum æfingum. Heimalestur á hverjum degi.

Námsmat

Nemendur taka hraðlestrarpróf í upphafi annar og við lok annar. Árangur metinn. Einkunn samsett úr eftirfarandi þáttum: tímavinna 30%, framfarir 40%, lestrardagbók 30%

Blaðamennska og auglýsingar

Markmið

Að nemendur:

- kynnist heimi blaðamennsku og auglýsinga
- þjálfist í að skrifa ýmiskonar blaðagreinar, s.s. pistla, fréttir, viðtöl og gagnrýni
- öðlist aukið fjölmiðlalæsi
- geti notfært sér þau forrit sem nauðsynleg eru í blaðamennsku
- kynnist hugmynda- og skipulagsvinnu sem fylgir blaðamennsku og auglýsingum

Kennslutilhögun

Farið verður yfir undirstöðuatriðin í blaðamennsku með fyrirlestrum, umræðum, lestri á völdu efni og í vettvangsheimsókn. Nemendur munu spreyta sig á því að skrifa pistla, fréttir og taka viðtöl sem birt verða í fréttabréfi valgreinarinnar og á vefsíðu. Auk þess verður fjallað um eðli auglýsinga, nemendur skoða þær í ýmsum fjölmiðlum með gagnrýnum hætti og prófa að semja þær sjálfir.

Námsmat

Verkefnabók – blaðagreinar	50%
Verkefnabók – auglýsingar	30%
Ástundun og virkni	20%

Mitt líf

Markmið

Að nemendur:

- styrki sjálfsmýnd sína
- öðlist skilning á mikilvægi þess að temja sér heilbrigðan lífsstíl
- kynnist undirbúningi undir ökunám
- öðlist grunnfærni í skyndihjálpi

Kennslutilhögun

Fjallað verður um þætti eins og hollt mataræði, hreyfingu, slökun og umhirðu á húð og hári. Farið verður í undirbúning undir ökunám, og rætt um forvarnir. Nemendur skoða sjálfsmýnd sína ásamt framkomu og viðhorfi til sjálfs síns og annarra sem verða á vegi manns í lífinu. Fjölmarginir gestir koma í heimsókn.

Námsmat

Virkni og vinna í tímum 40%, verkefni 30%, glósur 30%

Kennslutilhögun

Nýsköpun fellur undir rauntengd verkefni. Nemandinn er hvattur til þess að skoða umhverfi sitt og athuga hvort að hann komi auga á einhverjar þarfir (vandamál). Þörf getur verið á nýju skipulagi, verkfæri, forriti, nýjum hlut eða endurhönnun svo eitthvað sé nefnt.

Nýsköpun og hagnýting þekkingar snýr að því að virkja hugmyndir nemenda um það á hvern hátt má leysa vandamál eða skapa eitthvað nýtt sem skiptir mál. Nemandinn þjálfast í að útfæra hugmyndir sínar frá fyrstu hugdettu til lokaafurðar.

Allt námið er verkefnamiðað þ.e. nemandinn býr eitthvað til.

Námsmat

Í upphafi verkefnisins gerir kennarinn nemendum grein fyrir þeim viðmiðunarreglum sem settar eru við matið.

Tæknilego

Markmið

- að nemendur hanni tölvustýrðan Lego-róbót sem þarf að leysa ákveðin verkefni
- að nemendur þjálfist í að vinna saman að hugmynd, þróa hana og finna lausnarferlið

Kennslutilhögun

Nemendur vinna með Lego Mindstorm Robót ásamt tölvuforriti og sérstakri þrautarbraut. Nemendur vinna saman í hópum þar sem allir hafa hlutverki að gegni.

Námsmat

Matið byggir á virkni í kennslustundum, samvinnu í hópastarfi, frágangi og vinnubrögðum.

Valgreinar – hálf tón

1 stund

Blindskrift og fingrasetning

Markmið

Að nemendur:

- læri rétta fingrasetningu á lyklaborð
- geti ritað á tölvu án þess að horfa á lyklaborð, blindskrift
- geti a.m.k. skrifað 20 orð á mínútu með blindskrift

Kennslutilhögun

Forritið Ritfinnur verður notað til að þjálfra rétta fingrasetningu og blindskrift. Regluleg hraðapróf.

Námsmat

Tímavinna 40%, hraðapróf 60%

Skólahreysti

Markmið

- að nemendur auki styrk sinn og þol
- að nemendur læri að setja sér markmið og skipuleggi eigin þjálfun
- að nemendur styrki sjálfsmynd sína með jákvæðri upplifun af íþróttaiðkun
- að nemendur geri sér grein fyrir gildi samvinnu í leik og keppni
- að nemendur þjálfist í að taka þátt í undirbúningi fyrir íþróttamót

Kennslutilhögun

Tímarnir eru að mestu leyti verklegir og nemendur stunda alhliða líkamsþjálfun bæði inni og úti. Nemendur fá tækifæri til að skipuleggja tíma fyrir sig sjálfa t.d. eigin þrek- og hraðapraut. Sérstök áhersla verður lögð á æfingar sem tengjast „Skólahreysti.“

Í lok kennslutímans taka nemendur þátt í undankeppni „Skólahreysti.“

Rétt er að geta þess að allir nemendur hafa kost á því að taka þátt í undankeppni fyrir „Skólahreysti“ hvort sem þeir velja þennan áfanga eða ekki.

Námsmat

Námsmat byggir á áhuga og virkni, framförum og árangri.

Mannslíkaminn

Markmið

Að nemendur:

- öðlist aukna þekkingu á starfsemi mannslíkamans s.s. blóðrásakerfinu, skynfærunum, meltingarfærunum, vöðvum og beinum
- þjálfist sjálfstæð vinnubrögð

Kennslutilhögun

Stuðst verður við efni um mannslíkamann. Gerðar verða verklegar æfingar og athuganir m.a. verða brjóstholslíffæri úr svínum krufin. Í lok hvers efnisþáttar vinna nemendur verkefni. Unnið verður bæði einstaklingslega og í hópum.

Námsmat

Verkefni og vinna nemenda verður metin til einkunnar.

Nýsköpun og tæknilego

Þessi valáfangi skiptist í nýsköpun og tæknilego

Nýsköpun

Markmið

- að efla trú nemenda á eigin sköpunargetu
- að þjálfast nemendur í sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum
- að þjálfast nemendur í að finna lausnir á vandamálum/þörfum í umhverfinu
- að gera nemendur meðvitaða um umhverfi sitt

Uppeldi og menntun

Markmið

Að nemendur kynnist fjölbreyttu starfi á menntastofnunum og fái innsýn í þau störf sem þar eru unnin s.s. í grunnskóla, leikskóla og á bókasafni. Einnig öðlast nemendur grunnfærni í skyndihjálpi.

Kennslutilhögun

Valáfanginn byrjar á námskeiði í skyndihjálpi.

Eftir það fara nemendur á vinnusvæði og eru á hverju svæði í 2 kennslustundir á viku í u.þ.b. 3-4 vikur í senn. Nemendur aðstoða starfsmenn í yngri bekkjum skólans, á bókasafni og í leikskólum. Nemendur skila stuttri greinagerð þegar kynningu á vinnusvæði lýkur.

Námsmat

Ástundun, sjálfstæð vinnubrögð, virkni 70%, verkefni 20% og kynning 10%

Áhugasvið

Markmið

- að þjálfast nemendur í sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum
- að þjálfast nemendur í að nýta sér fjölbreytni í gagnasöfnun
- að þjálfast nemendur í að koma upplýsingum á framfæri á greinagóðan hátt
- að gefa nemendum tækifæri til að kynna sér einstök viðfangsefni mjög vel

Kennslutilhögun

Nemendur vinna að einu til tveimur stórum verkefnum sem tengjast þeirra áhugasviði sem þeir velja í samráði við kennara.

Verkefnið byggist á öflun upplýsinga, úrvinnslu og skilum í fjölbreyttu formi.

Við öflun upplýsinga leita nemendur víða fanga s.s. í bókum, á netinu, með viðtölum og vettvangsheimsóknunum og þeir skoða viðfangsefnið frá mörgum ólíkum sjónarhornum.

Í lok vinnunnar standa nemendur skil á verkefnum frammi fyrir áheyrendum. Þeir flytja fyrirlestra og setja upp sýningar með miðlum upplýsingatækninnar.

Verkefnið krefst sjálfstæðra vinnubragða, hugmyndaauðgi og vinnusemi.

Nemendur velja sér tjáningarform; þeir geta t.d. búið til bæklinga, líkón, stuttmynd, skjásýningu eða annað sem þeim dettur í hug.

Nemendur mæta í tvær kennslustundir á viku og vinna sjálfstætt að sínu verkefni.

Þeir gera tímaáætlun og setja sér vinnuramma sem þeir skila til kennara. Kennari fer yfir framgang verkefnisins og vinnubrögð nemandans.

Námsmat

Ástundun, virkni og sjálfstæð vinnubrögð 30%, vinnuferli og efnistöð 30, kynning 20, afrakstur 20%.

Skrautskrift

Markmið

Að nemendur:

- læri að beita þeim verkfærum sem notuð eru í skrautskrif
- læri myndun stafa, stafagerð, form þeirrar og lögun
- læri einfaldar skreytingar s.s. lykkjur og skyggingar

Kennslutilhögun

Nemendur læra að beita þeim verkfærum sem notuð eru í skrautskrift. Þegar búíð er að ná tókum á beitingu verkfæra er farið í myndun stafa og stafagerð. Nemendur æfa sig í tímum eftir forskrift og smám saman læra þeir einnig einfaldar skreytingar. Auk verkefna í tímum vinna nemendur verkefni heima sem þeir safna í nemendamöppu.

Námsmat

Yfir önnina safna nemendur öllum sínum verkefnum í nemendamöppu sem þeir skila í lok annar. Verkefnamappa 30%, heimavinna 10%, ástundun, virkni, áhugi og vinnubrögð 60%

Íþróttfræði

Markmið

Að nemandinn:

- fái aukna hreyfingu
- öðlist grunnþekkingu á gildi heilbrigðra lífshátta s.s næringarþörf og orkuþörf
- kunni skil á helstu hugtökum þjálfraðinnar s.s þoli, krafti, hraða, liðleika, samhæfingu, upphitun, hvíld og endurheimt
- geti sett sér markmið og skipulagt hvernig hann nær þeim

Kennslutilhögun

Í verklegum tímum fá nemendur sem mest að reyna sjálfir hinar ýmsu íþróttagreinar og mismunandi form þjálfunar. Í bóklegum tímum verða fyrirlestrar ásamt verkefnavinnu. Spurt og spjallað. Nemendur vinna eitt stórt verkefni.

Námsmat

50% verkefnavinna/próf, 20% stærra verkefni/ritgerð, 30% ástundun og virkni.

Útivist/frelsi/náttúruskoðun

Markmið

- að nemendur læri að undirbúa sig fyrir gönguferðir
- að nemendur kynnist umhverfi sínu betur og læri að ferðast um án þess að valda skemmdum
- að nemendur læri að taka tillit til annarra
- að nemendur kynnist veikum og sterkum hliðum sínum við misjafnar aðstæður
- að nemendur læri að njóta náttúrunnar sem við höfum í næsta nágrenni

Kennslutilhögun

Farið verður yfir það sem nauðsynlegt er að hafa meðferðis í stuttum og/eða lengri gönguferðum.

Farið verður yfir landafræði og gróðurfar á svæðinu sem gengið verður um.

Saga svæðisins rakin og þjóðsögur sem tengjast svæðinu sagðar.

Farið verður í 5 langar gönguferðir og 3-4 stuttar um áhugaverða staði í nánasta umhverfi.

Áætlaðar langar göngur eru: Þorbjörn, Snorrastaðatjarnir og nágrenni, Hafnarberg og Sandvík, Keilir, Selatangar og nágrenni.

Stuttar göngur: Bergið, Innri-Njarðvík, og Rósaselsvötn.

Nauðsynlegt er að eiga góða gönguskó og bakpoka og að vera tilbúin til útivistar í hvaða veðri sem er.

Ef gönguferðir taka lengri tíma en kennsla hverju sinni verður kennsla felld niður á móti göngutímum. Ekki verður prófað í þessari grein.

Námsmat

Tekið verður tillit til jákvæðni og hjálpssemi. Þá er einnig farið eftir því hvernig fyrirmælum er fylgt og hvernig undirbúningi er háttað.

Staðbundin ferðamálafræði

Markmið

- að nemendur kynnist sínu nánasta umhverfi
- að nemendur þekki menningu á svæðinu þar sem þeir búa
- að nemendur geri sér grein fyrir náttúrufari í nágrenninu
- að nemendur læri að afla upplýsinga og koma þeim á framfæri

Kennslutilhögun

Farnar verða skoðunarferðir á ákveðna staði í nágrenninu. Nemendur vinna með tiltekin viðfangsefni svo sem: söfn, orkuver og veitur, kirkjur, vita, tónlistarmenn, rithöfunda og /eða myndlistarmenn, jarðfræði og náttúru, sögu hvers byggðarlags og atvinnumál.

Hver nemandi velur sér eitt eða fleiri áhugasvið og vinnur upplýsingar um efnið. Hann gerir skjásýningu sem hann notar til að kynna fyrir hópnum og/eða fleiri hópum. Farið er í kynnisferðir um svæðið og sú þekking sem hver og einn hefur aflað sér er notuð til kynningar.

Hugarflugsfundur verður haldinn í lok annar og þar fá nemendur að koma fram með þær hugmyndir sem þeir hafa um nýtingu umhverfisins sem þeir búa í. Þetta er krefjandi valgrein og nemendur verða að vera tilbúnir bæði til stuttra ferða og upplýsingaöflunar, ásamt því að kynna efnið.

Kennslan verður eftir áramótin. Farnar verða þrjár ferðir með nemendur. Fyrst er farin hringferð um svæðið með leiðsögn frá kennara. Síðan er ferð þar sem kirkjur og orkuver eru skoðuð og að lokum ferð þar sem nemendur eru leiðsögumenn um tiltekið svæði.

Námsmat Kynning 40%, leiðsögn 30%, vinnubrögð og virkni 20%, próf 10%